



**481.fundur Þingvallanefndar**  
**Miðvikudagur 9. desember 2020**

Kl.11:30  
Fjarfundur um tölvu.

Mættir: Ari Trausti Guðmundsson, Vilhjálmur Árnason, Guðmundur Andri Thorsson, Líneik Anna Sævarsdóttir, Karl Gauti Hjaltason Hanna Katrín Friðriksson. Páll Magnússon boðaði forföll. Einnig sátu fundinn Einar Á. E Sæmundsen þjóðgarðsvörður og Fanney Einarsdóttir sem ritaði fundargerð.

Formaður setur fund.

Dagskrá:

1. Sumarhúsamál-lóðarleigusamningar.  
Gestur: Lilja Jónasdóttir lögmaður.  
Farið yfir lóðarleigusamning og þær breytingar sem hafa orðið. Þingvallanefnd gerir ekki athugasemdi við lóðarleigusamninga.  
Þingvallanefnd samþykkir nýja lóðarleigusamninga og felur þjóðgarðsverði og Lilju Jónasdóttir lögmanni að annast samskipti, þar að lútandi, við núverandi lóðarleiguhafa sem eiga samþykka húseign á viðkomandi lóð og óskað hafa framlengingar á samningum sem að óbreyttu renna út 31. desember n.k.
2. Valhallarstígur- Sumarbústaður aðstaða fyrir fræðimenn og listamenn.  
Gestur: Torfi Stefán Jónsson verkefnisstjóri á fræðslusviði.  
Þjóðgarðsvörður og Torfi Stefán Jónsson kynna tillögu að aðstöðu fyrir fræðimenn og listamenn í sumarhúsi innan þjóðgarðsins. Umræða um umgjörð og hvernig skuli staðið að slíku ferli ásamt hvaða starfsemi hentar í húsið.  
Þingvallanefnd sammála að þetta er mjög jákvætt og skemmtilegt verkefni sem vinna megi frekar að. Ákveðið að fresta ákvörðun til næsta fundar þar til endanlegar upplýsingar um kostnað og frekari tillögur um reglur og umgjörð liggja fyrir.

Bókun: Ákvörðun um fræðslusetur frestað til næsta fundar.

Önnur mál

Dagskrá fundu Þingvallanefnda verður send út til nefndarmanna í byrjun janúar.

12:15 fundi slitið